

Ed.

327. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. gr.

1., 2., 10. og 14. gr. laganna falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.

2. gr.

Orðin „gildi uppsagnar og önnur“ í 2. málsgr. 8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar húsaleigulögin voru sett vorið 1940, lágu til þess aðallega tvær ástæður. Önnur var sú, að óttast var, að byggingarstarfsemi legðist niður að mestu leyti vegna ófriðarástandsins, þannig að húsnæðisskortur mundi verða mjög mikill. Hin var að stemma stigu fyrir vaxandi dýrtíð með því að takmarka rétt húseigenda til þess að taka þeirri húsaleigu, er í boði kynni að vera.

Það hefur nú komið í ljós, að lögin hafa verkað mjög ósanngjarnt á hagsmuni húseigenda, og hafa þeir margir hverjir verið verr settir en aðrir þegar þjóðfélagsins.

Meiri hluti nefndarinnar treystir sér þó ekki til, enn sem komið er, að leggja til að gefa húsaleiguna frjálsa, þótt að því hljóti bráðlega að reka. Hins vegar telur hann sjálfsagt að ganga svo langt til móts við húseigendur, að þeim sé í sjálfsvald sett, hverjum þeir leigja húsnæði sitt. Hefur frelsisskerðing þeirra í því efni leitt til óþolandi árekstra og ranglætis. Þetta ætti því frekar að vera óhætt, þar sem meira hefur verið byggt undanfarin ár hér á landi en nokkru sinni fyrr og leigjendaskipti munu hafa orðið í miklum hluta þeirra íbúða, sem lögin taka til, síðan þau voru sett.